

# Fréttabréf

## Rannsóknastofu í kvennafræðum

### við Háskóla Íslands



1. tölublað, 2. árgangur

Janúar 1993

Dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum á síðasta misseri hófst með rabbfundi þann 30. september þar sem félagssálfræðingurinn Annadís Rúdólfsdóttir kynnti rannsóknir sínar á sérstöðu og gerð hins íslenska kvenleika. Alls urðu rabbfundirnir fimm. Á næsta fundi talaði Séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir um vináttu Guðs og kvennahreyfinguna, þá talaði Sigríður Lillý Baldursdóttir eðlisfræðingur um „hlutlægni“ í sögu eðlisfræðinnar og velti fyrir sér spurningunni um „kvenlega hlutlægni“. Dagný Kristjánsdóttir dósent talaði á fjórða fundinum um verk Ragnheiðar Jónsdóttur rithöfundar og hinn þunglynda nútíma og á síðasta fundi misserisins talaði Helga Kress prófessor um rannsóknir sínar á íslenskri kvennabókmenntasögu. Allir voru fundirnir ákaflega vel sóttir. Þessi

háttur á að kynna rannsóknir í kvennafræðum hefur gefist vel og er ætlunin að halda áfram á sömu braut. Á dagskrá þetta vormisseri verða þannig 8 rabbfundir um hin aðskildustu efni.

Opinberir fyrirlestrar voru tveir á haustmisseri. Sá fyrri var í byrjun október og flutti hann dr. Jeanne de Bruijn, prófessor í kvennafræðum við félagsvísindadeild Vrije Universiteit í Amsterdam. Fjallaði fyrirlestur hennar um vinnumeningu í Hollandi útfrá sjónarhorni kynferðis. Síðari fyrirlesturinn flutti Sigríður Jónsdóttir félagsfræðingur um lífskjör gamalla kvenna á Norðurlöndum. Opinberir fyrirlestrar vormisseris verða helmingi fleiri en á haustmisseri, eða fjórir talsins. Sá fyrsti verður á dagskrá þann 19. janúar og flytur hann Sigríður Þorgeirsdóttir

Stjórn stofunnar skipa Guðný Guðbjörnsdóttir, dósent í uppeldisfræði, Guðrún M. Ólafsdóttir, dósent í landafræði, Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði, Kirstín Flygenring, hagfræðingur í viðskipta- og hagfræðideild, Kristín Björnsdóttir, lektor í hjúkrunarfræði og Sigríður Th. Erlendsdóttir, stundakennari í sagnfræði. Rekstur stofunnar annast Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands  
Umsjón: Þórunn Sigurðardóttir

heimspekingur. Heiti fyrirlestrarinn er *Er til kvennasiðfræði? Hugleiðingar um hugmyndir Carol Gilligan um siðgæði kvenna og þýðingu þess fyrir siðfræði kvennalistans*. Sigríður fékk styrk frá Rannsóknastofu í kvennafræðum á síðasta ári til að rannsaka hugmyndafræði kvennapólitíkur. Hún mun verja doktors-

ritgerð í heimspeki við háskólann í Berlín næstkomandi febrúar, en hún fjallar um list og sannleika í heimspeki Nietzches. Það er von Rannsóknastofu í kvennafræðum að rabbfundirnir og fyrirlestrarnir sem haldnir eru á vegum hennar vekji bæði athygli á íslenskum kvennarannsóknnum og eflni þær. ÞS

## Fundur um rannsóknnapólitík og starfsemi Rannsóknastofunnar í Skólábæ

Þriðjudagskvöld 26. janúar kl. 20:30 verður fundur í Skólábæ á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum um starfsemi stofunnar, rannsóknastefnu og uppbyggingu fyrirhugaðs kvennafræðanáms. Dr. Guðný Guðbjörnsdóttir mun opna umræðuna með frásögn af ráðstefnunni *Viten, vilje, vilkår. Forskningspolitísk konferanse om kvinneforskning*, sem hún sótti í Osló í haust og fjallaði um

rannsóknastefnu kvennafræða á Norðurlöndum. Þó að dagskrá stofunnar á vormisseri sé nú fullbúin erum við opnar fyrir nýjum hugmyndum og uppástungum um fyrirlesara á næsta ári, efni í fréttabréfið, o.s.frv. Allir þeir sem hafa áhuga á kvennafræðum og vilja hafa áhrif á stefnu og markmið kvennarannsóknna við háskólann eru hvattir til að mæta.

## Miðaldafræði

Fyrsti rabbfundur misserisins verður þriðjudaginn 12. janúar kl. 12-13 í stofu 202 Odda. Þar talar Agnes S. Arnórsdóttir sagnfræðingur um hvernig segja megi sögu kvenna upp úr miðaldaheimildum.

Agnes vinnur nú að útgáfu kandídatritgerðar sinnar, *Konur og „bardagamenn“*, á íslensku, en hún var upphaflega skrifuð á norsku sem „hovedfagsritgerð“ við háskólann í Bergen. Fékk Agnes þriggja mánaða styrk frá Rannsóknastofu

í kvennafræðum til þessa verkefnis 1991. Um kvöldið verður Agnes með fyrirlestur í boði Sagnfræðingafélags Íslands í húsakynnum Þjóðskjalasafns Íslands, Laugavegi 162, kl. 20:30. Fyrirlesturinn nefnist *Af ætta- og fjölskyldumálum á 12. og 13. öld*. Ætlar Agnes að gera grein fyrir rannsóknnum sínum á mikilvægi ætta- og fjölskyldutengsla á þjóðveldistímanum. Allir velkomnir.

## Ritröð um kvennarannsóknir í undirbúningi

Sárlega hefur vantað vettvang til að birta fræðilegar greinar um kvennafræði hérlandis þó margir fræðimenn hafi fengið inni með rannsóknir sínar í viðkomandi fagtímaritum. Til stendur að Rannsóknastofa í kvennafræðum hefji útgáfu ritraðar til að bæta úr þessari þörf. Í fyrsta bindinu er ætlunin að birta greinar eftir ýmsa höfundar á mismunandi fræðasviðum. Ef þú lumar á áhugaverðri grein, eða hefur hug á að skrifa eina slíka, er ráð að senda hana til Rannsóknastofunnar með beiðni um að hún verði birt í greinasafninu.

Vonir standa til að það geti komið út með haustinu.

Til að tryggja gæði ritsins hefur stjórn Rannsóknastofunnar ákveðið að senda allar fræðilegar greinar sem koma til álita út til umsagnar þriggja sérfræðinga. Mat á greinum verður byggt á áliti þeirra auk ritstjórnarinnar og höfundar beðnir að taka tillit til þeirrar gagnrýni og athugasemda sem þar koma fram.

Stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum telur að útgáfa slíkrar ritraðar muni bæta verulega stöðu kvennarannsóknna á Íslandi.

## Gagnabanki

Vinna við gagnabanka um íslenskar kvennarannsóknir er nú aftur komin af stað eftir nokkurt hlé. Þegar hefur safnast talsvert efni en ennþá er langt í land. Til að auðvelda gagnasöfnun og tryggja að færslur séu réttar eru þeir sem hafa birt rannsóknir sínar í kvennafræðum vinsamlega beðnir um að senda stofunni bókfræðilegar upplýsingar um verk sín

ásamt 100-200 orða útdrætti. Heiti verkanna í gagnabankanum verða einnig gefin á ensku og hverri tilvísun fylgja 1-5 efnisorð á íslensku og ensku. Gott væri að höfundar þýddu sjálfir fyrirsögn verka sinna og kæmu með uppástungur um efnisorð en það er þó ekki nauðsynlegt. Nánari upplýsingar fást hjá Þórunni Sigurðardóttur í síma stofunnar 69 45 95.

## Gestaprófessor við háskólann í Zürich

Háskólinn í Zürich auglýsir eftir gestaprófessor í skandinavískum bókmenntum með sérstaka áherslu á kvennabókmenntum fyrir háskólaárið 1993-1994. Frekari upplýsingar fást hjá Prof. Dr. Hans-Peter Naumann, Abteilung

für Nordische Philologie, Rämistrasse 74, CH-8001 Zürich. Sími 1 257 2510/2514. Umsóknir þurfa að berast fyrir 6. janúar 1993. Því miður barst þessi auglýsing heldur seint en við ákváðum að birta hana samt.

## Auglýst eftir hugmyndum um stutt námskeið

Námskeið Rannsóknastofunnar í gerð umsókna um styrki til Vísindaráðs var mjög vel heppnað. Hefur sú hugmynd komið upp að Rannsóknastofan standi fyrir fleiri slíkum námskeiðum og er hér með auglýst eftir hugmyndum.

## Fréttir frá ráðstefnum

Ekki komast allir á ráðstefnur erlendis og þess vegna væri gaman ef ráðstefnufarar sendu fréttabréfinu frásagnir af áhugaverðum ráðstefnum. Hér á eftir er sagt frá ráðstefnu um konur, efnahagsmál og stjórnmál, sem Íslendingar tóku þátt í haustið 1992 í Ríga í Lettlandi.

### „Konur—Efnahagsmál—Stjórnmál“:

#### Ráðstefna haldin í Ríga í Lettlandi 4.-7. september 1992

Ráðstefnan var haldin á vegum norrænu embættismannanefndarinnar annars vegar og norrænu upplýsingaskrifstofunnar í Ríga í samvinnu við konur í Eystrasaltslöndunum hins vegar. Hún fór þannig fram að norrænn fyrirlesari talaði um ákveðið efni sem ræðumaður frá Lettlandi, Litháen eða Eistlandi reifaði síðan útfra sínu sjónarmiði og bar saman við aðstæður í sínu landi. Þá voru frjálssar umræður og hafði hver um tvær mínútur til að koma skoðunum sínum á framfæri eða koma með athugasemdir. Hér skal í örfáum orðum greint frá nokkrum framsguerindum sem vöktu athygli á ráðstefnunni.

Drude Dahlerup, stjórnmálafræðingur frá Danmörku, talaði um stöðu kvenna á Norðurlöndum. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að konur ættu fulltrúa í valdakerfi þjóðfélagsins og nefndi einkum þrjár ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi eru konur um 50% af hverri þjóð, í öðru lagi er reynsluheimur karla og kvenna ólíkur og karlmenn í opinberum stöðum taka oft ekki tillit til kvenna og sjónarmiða þeirra og í þriðja lagi þarf sú viðtekna skoðun að karlmenn tali um „almenn málefni“ meðan konur tali um „sérstök málefni“ endurskoðunar við.

Elisabeth Rehn, varnarmála- og jafnréttisráðherra Finnlands, greindi frá því að margar konur hefðu gagnrýnt sig

fyrir að fara inn í karlaheiminn. Hún væri þeim þó ósammála og kvað það mikilvægt fyrir konur að hasla sér völl á öllum sviðum þjóðfélagsins; með því einu móti væri hægt að skipta um áherslur og koma sjónarmiðum kvenna að. Frá því hún tók við varnarmálaráðuneytinu hefðu útgjöld til varnarmála minnkað um 12% að raun-gildi. Hún lagði einnig á það áherslu að þó konur kæmust til áhrifa innan stjórnmálaflokkanna þegar verið væri að skapa jafnvægi milli kynja á framboðslistunum, þá þyrftu þær að gæta þess að mynda sín eigin sambönd. Ef þær væru í valdastöðu upp á náð og miskunn karlmanna þá þær á hættu að vera sparkað einn göðan veðurdag.

Knud Kirkegard, vinnumálaráðherra Danmerkur, fjallaði um karlmenn og jafnrétti í erindi sínu. Hann lagði áherslu á að nauðsynlegt væri að setta fjölskyldulíf og atvinnu. Ennfremur benti hann á að lagasetning leysti ekki allan vanda, fræðsla og upplýsingar þyrftu einnig að koma til.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra ræddi um velferðarkerfið. Hún benti á að ekki þyrftu allir þræðir þess að liggja gegnum ríkiskerfið heldur væru sveitarfélög oft betri kostur til að sinna ýmsum þáttum velferðarkerfisins. Jóhanna kom í erindi sínu inná launamismun milli kynjanna og taldi að

það kæmi niður á konum í ýmsum myndum. Launamisrétti ynni gegn jafnrétti kynjanna. Ennfremur benti hún á að tímabært væri að meta störf á heimili til þjóðarframléiðslu.

Kristín Einarsdóttir alþingismaður sagði frá uppbyggingu kvennalistans. Miklar umræður spunnust að erindi hennar loknu og voru skiptar skoðanir um hvor væri betri kosturinn fyrir konur, að starfa innan flokkanna eða innan kvennahreyfingar.

Sigríður Snævar sendiherra talaði um konur í utanríkisþjónustu og hlutverk þeirra. Ennfremur fjallaði hún um áhrif þróunarinnar í Evrópu á stöðu kvenna.

Margt bar á góma í umræðum eftir fyrirlesturana. Margir fyrirlesarar frá Norðurlöndum töldu að afturför hefði orðið í jafnrétti kynjanna með hrúni Sovétríkjanna þar sem nú væru færri konur á þjóðþingum ríkjanna. Konur frá Eystrasaltsríkjunum mótmæltu þessu og vildu meina að fulltrúar kvenna á þjóðþingunum hefðu verið svo til valdalausir. Mikilvægu ákvarðanirnar

hefðu verið teknar annars staðar en þar. Það kom fram að nú þyrfti að virkja konur til þátttöku í stjórnmálum, en á öðrum forsendum en áður. Þær töldu að aðstoð frá Norðurlöndum í formi fræðslu, upplýsingamiðlunar og gagnkvæmra heimsóknna myndu hafa mikið að segja.

Á meðan á ráðstefnunni stóð voru hringborðsumræður í sjónvarpi með þátttöku þingmanna frá Eystrasaltslöndunum. Lögðu þeir áherslu á að vegna hins erfiða ástands yrðu konur að vera þolinmóðar í um tíu til tuttugu ár þar til röðin kæmi að þeim og þeirra „sérstöku“ málaflökkum. Vakti þetta mikla reiði kvennanna á ráðstefnunni, sem töldu að konur þyrftu að vera með í uppbyggingunni frá upphafi svo þjóðfélagið yrði einnig sniðið að þeirra þörfum og sjónarmiðum. Erfiðara myndi reynast að breyta þjóðfélaginu eftir á.

Útdráttur úr greinargerð Birnu Hreiðarsdóttur, Jafnréttisráði, en hún var einn af íslensku þátttakendum á ráðstefnunni. PS

### Alþjóðlegar ráðstefnur

20.-22. janúar 1993 í Sjöbefalsskolan, Stigergs gat 30, Stokkhólmi. *Nordisk Konferens om Vin, Váld & Valium—ur kvinnors perspektiv*. Upplýsingar: Ersta diakonísáallskap, Kvinnokonferensen, box 4619, 11691 Stockholm.

22.-24. janúar 1993 í Palo Alto, Kaliforníu. *Simone de Beauvoir and Women Writers Throughout the Centuries*. Ráðstefna sem Simone de Beauvoirfélagið í Bandaríkjunum heldur. Upplýsingar gefur Yolanda Astarita Patterson, 440 La Mesa Drive, Monlo Park, California 94028, USA.

22.-26. febrúar 1993 í Costa Rica. *5th International Interdisciplinary Congress on Women*. Upplýsingar fást hjá Mirta Gonzáles-Suárez, School of Psychology/PRIEG, University of Costa Rica, Apdo. 2060 San Pedro, Costa Rica. Sími +506 34 1495; fax +506 53 4601.

30. mars - 1. apríl 1993 í Lundi. *Gender and Development—New Theories and*

- Old Discourses: Theorizing Gender Continuity and Change in the Interface Between Local Societies and Global Economic Transformation.* Movements and Strategies in Third World Development Programme at the Sociology and Social Anthropology Departments at the University of Lund. Upplýsingar gefur Sara Goodman, Forskningspolitiska Institutet, Box 2017, 220 02 Lund, sími 046-10 95 20; fax 046-14 69 86.
- Maí 1993 í Kreta, Grikklandi.** *Gender Studies Agenda Year 2000.* Alþjóðlegt seminar sem KEGME og UNESCO skipulögðu. Upplýsingar: KEGME, 115 Harilaou Tricoupi Str., Athens, 114 73 Greece. Sími +30-1-361 3968; fax 361 5660.
- 27.-30. maí 1993 í Tammerfors, Finnlandi.** *Det IV Nordiska kvinnohistoriker-mötet.* Þema ráðstefnunnar er "Kvinnohistoriens nya utmaningar: från sexualitet till världshistoria." Upplýsingar fást hjá Pirjo Markkola, Tammerfors universitet, Historiska institutionen, Box 607, SF-33101 Tammerfors, Finland. Sími +358 31 156543 og +358 31 122285; fax +358 31 156980.
- Júní 1993 í Vín, Austurríki.** *UN World Conference on Human Rights.* Upplýsingar fást hjá UN Centre for Human Rights, c/o Palais des Nations, Geneva, Switzerland.
- 1.-4. júní í Moskvu.** Alþjóðleg ráðstefna, *Woman and Freedom: Making Choices in the context of Tradition and Change.* Ráðstefnuna skipulögðu Institute of Ethnology and Anthropology of the Russian Academy of Sciences, "Larina Service" company og Women's Association "Rainbow". Upplýsingar: 103064, Moscow, P.O.Box 356. Sími (095) 938-66-30; fax (095) 465 1740.
- 2.-5. júní 1993 í Amsterdam.** *Out of the Margin: Feminist Perspectives on Economic Theory.* Upplýsingar: Jolande Sap, Dpt. of Economics, University of Amsterdam, Jodenbreestraat 23, NL-1011 NH Amsterdam, Holland. Sími +31 20 525 4367.
- 11.-13. júní 1993 í New York.** *9th Berkshire Conference on the History of Women: Transformations: Women, Gender and Power.* Ráðstefnan er haldin í Vassar College in Poughkeepsie, New York. Upplýsingar: Margaret Hunt, Amherst College 2254, P.O. Box 5000, Amherst, Massachusetts 01002, USA.
- 4.-9. júlí 1993 í Tammerfors í Finnlandi.** *III European Congress of Psychology.* Þar verða m.a. til umfjöllunar þemun "Women in management research; Women, men and cross-gender interaction at work; Gay and lesbian issues in psychology". Upplýsingar: III European Congress of Psychology, P.O. Box 905, SF-00101 Helsinki, Finland. Sími +358 0 701 3839; fax +358 0 701 3919.
- 28. júlí - 5. ágúst 1993 í Mexíkóborg, Mexíkó.** *International Congress of Anthropological and Ethnological Sciences.* The International Women's anthropology Conference skipulagði ráðstefnuna. Efni hennar er m.a. gender and power, women's work and production, women's marginalization. Upplýsingar: Linda Bash, Manhattan College, River Dale, NY 10471, USA. Fax: 212-543-2132.
- 11.-14. ágúst 1993 í Åbo í Finnlandi.** *Societies in Transition: Canada and the Nordic Countries.* Ráðstefnan er skipulögð af *The Nordic Association for Canadian Studies.* Þema ráðstefnunnar er "Hlutverk og mikilvægi kvenna í

- þjóðfélagsþróuninni." Upplýsingar gefa Keijo Virtanen, University of Turku, Dpt. of Cultural History, SF-20500 Turku/Åbo, Finland. Sími +358 21 633 5220; fax 633 6560; Bengt Streijffert, Högskolan i Östersund, S-83125 Östersund, Finland. Sími +46 63 155 427; Tuomo Laitinen, Orisaarentie 5 E, SF-00840 Helsingfors, Finland. Sími +358 0 698 3583.
- 13.-15. ágúst 1993 í Gävle, Svíþjóð.** *Den 17:e Nordiska Sociologkongressen: Sociala omvälvningar och framtida identiteter.* Arbetsgrupper bl.a. om Kön, organisering och social förändring och Kön och social identitet. Upplýsingar: Inger Olars, Statens institut för byggnadsforskning, Box 7785, S-80129 Gävle. sími +46-26-14 77 00; fax +46-265-11 81 54.
- 23.-29. ágúst 1993 í Vilínus í Litháen.** *Paths of Women: East and West.* Alþjóðleg ráðstefna sem the Lithuanian Association of University Women og University of Minnesota skipulögðu. Þemu eru m.a. konur og vinna, konur og vald, konur og frami, og feminísk aðferðafræði. Upplýsingar: Mrs Aldona Vasiliauskiene, Faculty of History, vilnius University, Universiteto 5, 2734 Vilnius, Lithuania.
- 17. - 23. október 1992 í Kampala, Uganda.** *United we Stand to Solve the Global Concern of Women's Health and Reproductive Rights.* Upplýsingar: The 7th International meeting of Women and Health, P.O.Box 1191, Kampala, Uganda.
- 1.-6. ágúst 1994 í Åbo í Finnlandi.** *Nordiskt Forum 1994.* Þema ráðstefnunnar verður „Líf og vinna kvenna." Upplýsingar: Marianne Laxén, PB 267, 00171 Helsingfors, Finland. Sími +358 0 160 4367; fax +358 0 160 4366 eða 160 5751.
- 27. ágúst - 3. september 1995 í Montréal í Kanada.**  
Eitt af aðalefnum heimspings sagnfræðinga í Montréal 1995 verður þemað Konur, karlar og söguleg þróun: sýnishorn af áhrifum „kynferðissögu". (Hlutur kynferðis og sambands kynjanna í mikilvægustu umskiptum í sögu stjórnmála, samfélaga og trúarbragða). Women, Men and Historical Change: Case Studies in the Impact of Gender History. (The role of gender and male/female relations in major historical transformations—political, social, religious). Frekari upplýsingar um ráðstefnuna fást hjá Inga Sigurðssyni, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands.

## Út um skjáinn

Undirbúningurinn að Nordisk Forum 1994 í Åbo er í fullum gangi. Næsti fundur undirbúningsnefndarinnar verður á Íslandi 15.-18. apríl á þessu ári. Ákveðið hefur verið að vorkundur samráðshópsins um norrænar kvennarannsóknir verði hér

á landi á undan eða á eftir fundi undirbúningsnefndarinnar. Það er ekki óhugsandi að hægt verði að efna til einhverra almennra fundarhaldna þegar þessar áhugakonur um kvennarannsóknir frá nágrannalöndunum koma hingað.

## Dagskrá vormisseris 1993

Rabb um rannsóknir og kvennafræði:

**Priðjudaginn 12. janúar kl. 12-13 í stofu 202 Odda**

*Spurning um aðferð. Saga frá miðöldum.* Agnes S. Arnórsdóttir sagnfræðingur kynnir hugmyndir um hvernig segja megi sögu kvenna upp úr miðaldaheimildum.

**Priðjudaginn 26. janúar kl. 20:30 í Skólalæ**

Rabfundur um rannsóknapolítík og starfsemi Rannsóknastofu í kvennafræðum. Guðný Guðbjörnsdóttir opnar umræðuna með frásögn af ráðstefnunni *Viten, vilje, vilkår. Forskningspolitisk konferanse om kvinneforskning*, sem haldin var í Ósló í haust og fjallaði um rannsóknastefnu kvennafræða á Norðurlöndum.

**Priðjudaginn 9. febrúar kl. 12-13 í stofu 202 Odda**

*Sem brjóstbarn mylkrar móður: Um hugmyndaheim trúarlegra bókmennta og kvengervingu tungumáls.* Ásdís Egilsdóttir lektor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands talar um rannsóknir sínar á helgisögum og kvæðum.

**Priðjudaginn 23. febrúar kl. 12-13 í stofu 202 Odda**

*Konur í einkarekstri.* Margrét Richter viðskiptafræðingur talar um rannsóknir sínar á konum sem eiga einkafyrirtæki á Íslandi.

**Priðjudaginn 9. mars kl. 12-13 í stofu 202 Odda**

Ragnhildur Richter bókmenntafræðingur talar um rannsóknir sínar á sjálfsævisögum kvenna.

**Priðjudaginn 23 mars kl. 12-13 í stofu 202 Odda**

Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur talar um rannsóknir sínar á konum í AA-hreyfingunni.

**Priðjudaginn 6. apríl kl. 12-13 í stofu 202 Odda**

*Konur í bæjarstjórn 1908-1922.* Auður Styrkárdsdóttir stjórnfræðingur talar um rannsóknir sínar á konum í bæjarstjórn Reykjavíkur á fyrsta og öðrum áratug þessarar aldar.

**Priðjudaginn 20. apríl kl. 12-13 í stofu 202 Odda**

Guðný Guðbjörnsdóttir uppeldissálfræðingur fjallar um sjálfsmyndir og kynferði á unglingsárum sem hluta af rannsókn sinni „Menntun og kynferði í kvennafræðilegu ljósi“.

Opinberir fyrirlestrar:

**Priðjudaginn 19. janúar kl. 17 í stofu 101 Odda**

Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur flytur fyrirlestur sem nefnist *Er til kvennasiðfræði? Hugleiðingar um hugmyndir Carol Gilligan um siðgæði kvenna og þýðingu þess fyrir siðfræði kvennalistans.*

**Priðjudaginn 16. febrúar kl. 17 í stofu 101 Odda**

Dr. Rannveig Traustadóttir þjóðfélagsfræðingur flytur fyrirlestur sem hún nefnir *Konur, fötlun og samfélag.*

**Mánudaginn 29. mars kl. 17 í stofu 101 Odda**

Eva Munk-Madsen, sjávarútvegsfræðingur frá háskólanum í Tromsø, flytur fyrirlestur um stöðu kvenna á frystitogurum sem hún nefnir *Fabrikskibet som arena for kønsforhandling.*

**Fimmtudaginn 15. apríl kl. 17 í stofu 101 Odda**

Dr. Kristín Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur flytur fyrirlestur sem nefnist *Sjálfskilningur hjúkrunarkvenna á tuttugustu öldinni: orðræða og völd.*

## Erlend tímarit í kvennafræðum á bókasöfnum í Reykjavík

Hér á eftir fer skrá yfir tímarit í kvennafræðum á bókasöfnum í Reykjavík. Farið var yfir *Samskrá um erlend tímarit á íslenskum rannsóknabókasöfnum*, sem kom síðast út 1989. Hugsanlegt er að einhver rit hafi bæst við síðan. Eins og sést af skránni eru tímaritin ekki mörg og sum hafa aðeins verið keypt í skamman tíma. Stjórn Rannsóknastofunnar hefur ákveðið að athuga nánar tímaritaeign Háskólabókasafns í kvennafræðum og fara fram á að bókasafnið gerist áskrifandi að hinum helstu tímaritum í fræðunum. Ef menn hafa sérstakar óskir eða upplýsingar um athyglisverð rit væri gott að fá að vita um það. PS

*Árbog for kvinderet* (Kaupmannahöfn)  
á Háskólabókasafni 1978—

(Kaupmannahöfn)  
á Háskólabókasafni 2(1982)-8(1988)  
á Kvennasögusafni 4(1984)-8(1988)

*Emma* (Köln)  
á Kvennasögusafni 1(1977)—

*Nyt forum for kvindeforskning*  
(Kaupmannahöfn)

*Feminist Review* (London)  
á Háskólabókasafni 1(1979)-5(1980)

á Háskólabókasafni 9(1989)—  
á Kvennasögusafni 9(1989)—

*Forum for kvindeforskning* (Yngra heiti:  
*Nyt forum for kvindeforskning*)

*Health Care for Women International*  
(New York)

- á bókasafni Landspítalans  
10(1989)—
- International Journal of Women's Studies*  
(Montréal)  
á Háskólabókasafni 1(1978)-3(1980)  
óheilt
- International Women's News* (London)  
á Kvennasögusafni 45(1951)—
- International Women's Year Bulletin*  
(New York)  
á Kvennasögusafni 1974-1976
- ISIS—Women's International Bulletin*  
(yngra heiti: *ISIS. Women's Journal*)  
(Genf)  
á Kvennasögusafni 1976-1983
- ISIS. Women's Journal* (Genf)  
á Kvennasögusafni 1984—
- Kvindeforskning. Nyhedsbrev*  
(Kaupmannahöfn)  
á Kvennasögusafni 1(1987)—
- Kvindelig* (Gadstrup)  
á Háskólabókasafni 1(1984)
- Kvinden og samfundet* (Kaupmannahöfn)  
á Kvennasögusafni 85(1969)—  
á bókasafni Norræna hússins  
85(1969)—
- Kvinnesaks-nytt* (Oslo)  
á Kvennasögusafni 14(1963)—  
á bókasafni Norræna hússins  
26(1975)—
- Kvinnohistoriskt arkiv* (yngra heiti: *Ny litteratur om kvinnor*) (Göteborg)  
á Kvennasögusafni 1971-1979
- Kvinnovetenskaplig tidskrift* (Lund)  
á bókasafni Kennaraháskóla Íslands  
1(1980-1982)  
á Kvennasögusafni 1(1980)—  
á Landsbókasafni 1(1980)-3(1982)  
á Rannsóknastofu í kvennafræðum  
1980—, óheilt
- Kvinn. Medlemsblad for norsk kvinnesaksforening* (Oslo)  
á Kvennasögusafni 1(1977)—
- Newsletter on the Status of Women* (New York)  
á Kvennasögusafni 1972-1974
- Ny litteratur om kvinnor. New literature on Women* (Eldra heiti: *Kvinnohistoriskt arkiv*) (Göteborg)  
á Háskólabókasafni 1981—  
á Kvennasögusafni 1981—
- Nyt forum for kvindeforskning* (Eldra heiti: *Forum for kvindeforskning*) (Kaupmannahöfn)  
á Háskólabókasafni 9(1989)—  
á Kvennasögusafni 9(1989)—
- Nytt om kvindeforskning* (Oslo)  
á Rannsóknastofu í kvennafræðum  
1983—, óheilt
- Sex Roles* (New York)  
á Háskólabókasafni 16(1987)—
- Signs* (Chicago)  
á Háskólabókasafni 8(1982/83)—
- Soviet Woman* (Moscow)  
á bókasafni Hjúkrunarfélags Íslands  
1976—
- Studies on Women Abstracts* (Oxford)  
á Háskólabókasafni 1983—

- United Nations Decade for Women* (New York)  
á Kvennasögusafni 1978-1985
- Women at Work* (Genève)  
á Kvennasögusafni.
- Women of China* (Beijing)  
á bókasafni Hjúkrunarfélags Íslands  
1981—
- Women's Studies International Forum* (Eldra heiti: *Women's Studies International Quarterly*) (Oxford)  
á Háskólabókasafni 6(1983)-8(1985)  
á bókasafni Kennaraháskóla Íslands  
5(1982)—
- Women's Studies International Quarterly* (Oxford)  
á bókasafni Kennaraháskóla Íslands  
3(1980)-4(1981)

### Kynning á nýjum bókum

Út er komin hjá Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands bókin *Aldamótakonur og íslensk listvakning* eftir Dagnýju Heiðdal sagnfræðing. Í bókinni er fjallað um listmenntun og myndlistariðkun íslenskra kvenna á síðari hluta 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. Við rannsóknir höfundar kom í ljós að mun meira liggur eftir konur frá þessum tíma en ætla mætti. Í bókinni er nokkrum þessara kvenna gerð ítarleg skil og birtar eru myndir af verkum þeirra. Þar má t.a.m. nefna Þóru Pétursdóttur Thoroddsen, sem rak um skeið teikniskóla í Reykjavík. Starf kvennanna var tvímælalaust mikilvægt í útbreiðslu og þróun myndlistar á Íslandi á mótunarskeiði hennar.

*Aldamótakonur og íslensk listvakning* var upphaflega skrifuð sem lokaritgerð höfundar til B.A. prófs við Háskóla Íslands, en birtist nú sem 31. bindið í Ritsafni Sagnfræðistofnunar. Bókin er 85 blaðsíður að stærð og henni fylgja ítarlegar skrár yfir heimildir, myndefni og fólk sem um er fjallað. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

-- 0 --

Fyrir jólin kom út hjá Máli og menningu bók Ingu Huldar Hákonardóttur sagnfræðings: *Fjarri hlýju hjónasængur*. Undirtitill bókarinnar er, *Öðruvísi Íslandssaga*, og er það sannarlega réttnefni. Bókin segir frá samskiptum kynjanna á Íslandi um aldir. Hún segir frá samfélagi þar sem kirkja og veraldlegt vald töldu sér ekkert mannlegt óviðkomandi. Hún segir átakanlegar sögur af konum og körlum sem fóru út fyrir viðurkennd mörk ástar og hjónabands. Afar athyglisvert er að sjá hvaða lögmál gilda á hverjum tíma og hvaða viðhorf eru ríkjandi. Hve mikil breyting fylgir síðbótinni um miðja sextánda öld og hve refsingar verða þá allar grimmar. Bókin er sagnfræðirit og hefur höfundur víða leitað fanga, í annálum, lagasöfnum, skáldskap og æviminningum. En bókin er ekki síður skrifuð af mikilli listfengi og á einkar góðu máli svo að engum getur leiðst við lesturinn. *Fjarri hlýju hjónasængur* er nefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna 1992. Við fögnum þessari kærkomnu viðbót við íslenska kvennasögu. SThE.

Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum mun koma út tvisvar til þrisvar á vetri. Þar sem kostnaður við útgáfu fréttabréfsins verður talsverður eru þeir sem vilja fá það sent vinsamlega beðnir að greiða 500 króna árgjald. Greiðsluna má senda í pósti (ávísanir skulu stílaðar á Rannsóknastofu í kvennafræðum) eða inna af hendi þegar þið eigið leið hjá stofunni.

Rannsóknastofa í kvennafræðum  
Sumarhöll  
Háskóli Íslands  
101 Reykjavík

Sími 69 45 95  
Símbref 2 88 01